




Sæll granni!



Stjörnufræðingar hafa fundið reikistjörnu, álíka stóra og jörðin, rétt fyrir utan sólkerfið okkar á sveimi um nálægustu stjörnunna! Stjörnufræðingar hafa lengi velt fyrir sér hvort einhverjar reikistjörnur væri að finna umhverfis þessa stjörnu sem kallast Alfa Centauri. Alfa Centauri er mjög lík sólinni okkar og er nálægasti mögulegi staðurinn fyrir líf utan sólkerfisins. Þrátt fyrir langa og ítarlega leit hafði ekkert fundist fyrir en nú.

Hingað til hafa meira en 800 reikistjörnur fundist utan okkar sólkerfis, svokallaðar fjarreikistjörnur. Erfitt er að finna fjarreikistjörnur því daufr birtan frá þeim hverfur í skæru ljósi stjörnunna. Það er eins og að reyna að sjá múflugu við hlið bjarttra bílljósa. Við sjáum fjarreikistjörnur ekki í gegnum sjónauka svo stjörnufræðingar verða að vera sniðugir til að finna þær.

Ein snjöll aðferð er að fylgjast grannt með því hvort stjarna vaggi til og frá vegna þyngdartogs fjarreikistjörnunna. Þegar reikistjarna snúst í kringum stjörnu, togar hún stjörnunna til sín svo stjarnan virðist vaggja eins og sleggjukastari sem sveiflar sleggjunni í kringum sig. Flestar reikistjörnur hafa fundist á þennan hátt, þar á meðal nýi nágranninn okkar.

Nágranninn nýfundni er álíka stór og jörðin en miklu nær sinni stjörnu en jörðin er frá sólinni okkar. Hún er meira að segja nær sinni stjörnu en Merkúrís, innsta reikistjarnan í sólkerfinu okkar, er frá sólinni. Reikistjarnan er líka aðeins þrjá daga að snúast einu sinni í kringum stjörnunna sína (árið er þrjú dagar!). Til samanburðar er jörðin 365 daga að snúast um sólina.

Fyrst reikistjarnan er svona nálægt sinni stjörnu, er hún mjög heit, alltof heit til þess að líf gæti þrífist þar. Að finna reikistjörnu á stærð við jörðina svona nálægt sólkerfinu okkar er aftur á móti mjög spennandi uppgötvun sem færir okkur skrefi nær því að finna líf annars staðar í alheiminum!

COOL FACT

Nýja fjarreikistjarnan er í þristirakerfi sem kallast Alfa Centauri kerfið. Það þýðir að þarna eru þrjár stjörnur á braut um hver aðra. Ímyndaðu þér bara hvernig himininn lífur út á þessum hnetti.

